



# stóllinn



KYNNINGARBÆKLINGUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR  
TINDASTÓLS 2023-2024

Landsbjörg



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

# Tryggjum öruggt samfélag

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur ráðist í endurnýjun allra 13 björgunarskipa sinna. Með nýju skipunum batnar aðbúnaður til muna og viðbragðstími styttist um allt að helming.

Sjóvá leggur 142,5 milljónir til kaupa á þremur fyrstu skipunum. Skipin eru nú öll komin til landsins og eiga heimahafnir í Vestmannaeyjum, Siglufirði og Reykjavík.

Það er okkur mikil ánægja að styðja við þetta verkefni sem tryggir stóraukið öryggi, bæði á sjó og landi.



**SJÓVÁ**



DAGUR ÞÓR BALDVINSSON

FORMAÐUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDASTÓLS

# Vill þakka öllum fyrir

## Kæru félagsmenn

Undirritaður hefur notið þeirra gæfu að vera hluti af stjórn Tindastóls síðastliðinn áratug.

Á þeim tíma hef ég unnið með ótal mörgu góðu stjórnarfólki sem eiga mikinn heiður skilið.

Að halda úti öflugu starfi hjá Tindastóli, sem verið hefur stórtíð í íslenskum körfubolta í áraradír, krefst mikillar vinnu og stuðnings úr mörgum áttum. Ég vil nýta þetta tækifæri til að þakka öllum sem hafa stutt við liðin okkar með einum eða öðrum hætti undanfarin ár.

Öll sú sjálfbóðaliðavinna sem látin hefur verið af hendi er ómetanlegur þáttur í rekstri deildarinnar. Hvort sem það er sjálfbóðavinna í kringum meistaraflokka Tindastóls eða í barna- og unglíngastarfi Tindastóls. Mikilvægt er að hlúa vel að uppbyggingu innan félagsins, það skilar sér upp í meistaraflokkana, og stöðugt þurfum við að stefna að því að gera enn betur.

Íslandsmeistaratitillinn hjá meistaraflokki karla síðastliðið vor var ekki síður sigur sjálfbóðaliðanna sem starfað hafa við deildina með miklum metnaði í áraradír. Tímabilið sem nú fer í hönd verður án vafa spennandi og ætlum við í Tindastól að blanda okkur í baráttu um þá titla sem í boði eru. Við þurfum til þess að leggja á okkur mikla vinnu, þjálfarar í undirbúningi, leikmenn innan vallar og við hin utan vallar. Hvort sem það er í vinnu í kringum leiki eða sem stuðningur í stúkunni.

Ef við leggjumst öll á eitt er hægt að afreka stóra hluti og það er það sem við öll viljum sem stuðningsmenn þessa frábæra félags.

## Við erum Tindastóll!

Dagur Þór Baldvinsson

formaður kkd. Tindastóls



## STJÓRN KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDSTÓLS 2023-2024

Dagur Þór Baldvinsson

formaður | karfa@tindastoll.is

Ingi Björgvín Kristjánsson

gjaldkeri

Freyja Rut Emilsdóttir

ritari

Ari Freyr Ólafsson

meðstjórnandi

Dagbjört Rós Hermundsdóttir

meðstjórnandi

Eyþór Jónasson

meðstjórnandi

Ágúst Kárason

meðstjórnandi

Einar Ólafsson

varamaður

VERKEFNASTJÓRI KKD. TINDASTÓLS:

Sigríður Inga Viggósdóttir

karfa@tindastoll.is og

karfa-unglingarad@tindastoll.is

FORSVARMAÐUR YNGRI FLOKKA:

Hrefna Reynisdóttir

karfa-unglingarad@tindastoll.is

HEIMASÍÐA: [tindastoll.is/korfubolti](http://tindastoll.is/korfubolti)

FACEBOOK: Körfuknattleiksdeild Tindastóls

INSTAGRAM: [tindastollkarfa](https://www.instagram.com/tindastollkarfa)

## KYNNINGARBÆKLINGUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDASTÓLS 2023-2024

ÚTGEFANDI: Körfuknattleiksdeild Tindastóls og Nýprent ehf.

ÁBYRGÐARMÆÐUR: Dagur Þór Baldvinsson.

UMSJÓN: Sigríður Garðarsdóttir og Sigríður Inga Viggósdóttir.

AUGLÝSINGAR: Nýprent ehf.

FORSÍÐUMYND OG AÐRAR MYNDIR: Davíð Már Sigurósson o.fl.

UMBROT OG PRENTUN: Nýprent ehf. \*11/2023

# ÞÚ GETUR STÓLAÐ Á KEFIR



Vissir þú að um 80% af ónæmiskerfinu eru í meltingarveginum?  
Kefir er mjólkurdrykkur, auðugur af lifandi góðgerlum sem fjölmargar  
rannsóknir hafa sýnt að bæta meltinguna og viðhalda heilbrigðri þarmaflóru.  
Kefir er auk þess sérstaklega ríkur af próteni, kalki og fjölmörgum  
naðsýnlegum vítamínum eins og B12. Þú færð Kefir í fimm ljúffengum  
bragðtegundum.





**PÓRIR GUÐMUNDUR ÞORBJARNARSON**  
LEIKMAÐUR TINDASTÓLS

# Var heillaður yfir því sem Pavel sá fyrir sér

Þórir Guðmundur Þorbjarnarson eða Tóti túrbó, eins og hann er oft kallaður, kom eins og stormsveipur inn í karlalíð Tindastóls í haust og hefur spilað frábærlega. Þórir byrjaði aðeins sjö ára gamall að spila körfubolta með KR og spilaði fyrir þá í gegnum allt yngri flokka starfhó á samt því að spila með meistaraflokki karla þegar líðið átti svakalega sigurgöngu nokkur ár í röð með nokkrum af bestu körfuboltamönnum Íslands fyrr og síðar. Stóllinn fékk Þóri til þess að svara nokkrum spurningum.

**Hvernig leggst nýtt tímabil í þig?** Þetta tímabil leggst rosalega vel í mig. Virkilega gaman að vera kominn af stað og erum á flottum stað sem líð. Búinn að koma mér vel fyrir hér og líður vel.

**Hvaða 3-4 líð heldur þú að berjist um toppsætin í Subway-deildinni í vetur?** Það er mjög erfitt að segja, það eru mörg góð líð í deildinni í ár og það verður hart barist í allan vetur um þessi efstu sæti. Heimavallaréttur í úrslitakeppninni gefur mikið og það verður spennandi að sjá hvaða líð munu skipa efstu sætin í lok tímabils. Markmiðið hjá okkur er að sjálfsgöðu að vera með í þessum efstu sætum.

**Hvað varst þú gamall þegar þú fórst út að spila og með hvaða líðum hefur spilað með úti?** Þegar ég var 19 ára þá flutti ég til Lincoln, Nebraska til þess að spila körfubolta ásamt því að stunda nám við University of Nebraska Lincoln og var þar í fjögur ár. Síðan árið 2021 fór ég til Hollands og spilaði með Landstede Hammers og á seinasta tímabili spilaði ég á Spáni með Oviedo.

**Hvernig kom það til að þú ákvaðst að koma og spila fyrir Tindastól?** Ég var samningslaus í sumar og næsta skref var óljóst. Það voru nokkrir kostir í stöðunni og velti ég þessu lengi fyrir mér. En eftir að hafa talað við Pavel þá var ég mjög heillaður af því sem hann sá fyrir sér. Ég var auðvitað búinn að fylgjast með úrslitakeppninni og sá hvað það var rosalega mikil stemning í kringum körfuboltann hjá Tindastól.





Framúrskarandi  
fyrirtæki 2021-2023



# VELDU ÞÉR HÚS!

Við framleiðum íslensk gæða  
einingahús sem hægt er að breyta  
í samræmi þínar óskir

Lögð er áhersla á smíði vandaðra  
timburhúsa sem eru hönnuð og  
byggð fyrir íslenskar aðstæður.  
Fjölbreytilegt veðurfarið á Íslandi  
gerir miklar kröfur um vönduð vinnu-  
brögð og reynsla starfsfólks okkar  
eykur öryggi og gæði húsanna.

## Íbúðarhús - Fjölbýlishús - Skólar - Sumarhús



**SG-E82B EINBÝLI** Stærð: 192.7 fm  
Svefnherbergi 4



**SG-E901 EINBÝLI** Stærð: 100 fm  
Svefnherbergi 2



**SG-E902 EINBÝLI** Stærð: 85 fm  
Svefnherbergi 1



**SG-S99 HEILSÁRSHÚS** Stærð: 117.7 fm  
Svefnherbergi 3



**SG-S86 HEILSÁRSHÚS** Stærð: 108.6 fm  
Svefnherbergi 2

Fagleg ráðgjöf með  
hönnuðum okkar og  
sölumönnum

SG Hús ehf  
Háheiði 3  
800 Selfoss

Sími: 578-3344  
sghus@sghus.is  
www.sghus.is



**Hver er munurinn að spila hér heima og úti?** Það er náttúrulega alltaf eitthvað öðruvísi hér heima og úti. Mesti munurinn fyrir mér er umhverfið. Maður er svo vanur hlutunum á Íslandi og veit hvernig þeir ganga fyrir sig. Úti þá getur þetta verið allt öðruvísi. Hvernig hlutunum er háttað, en maður lærir að venjast því eins og öðru. Svo er þetta líka aðeins harðari heimur úti, allir að reyna sanna sig og komast á næsta stað, það er vissulega að breytast meira núna á Íslandi með reglum um erlenda leikmenn. En ég myndi segja að það sé auðveldara að búa til góða liðsheid í deildinni hér heima.



**Hver er erfðasti eða skemmtilegasti andstæðingurinn sem þú hefur glímt við hér heima (á Íslandi) og hvers vegna?** Ætli erfðasti andstæðingurinn hér heima sé ekki Stefan Bonneau, sem spilaði með Njarðvík 2014/15. Ég var að spila mitt fyrsta ár í meistara flokki og man að ég þurfti að dekka hann, það var með því erfðara. Hann skoraði 35 stig í fyrsta leiknum sínum á móti okkur. Í úrslitakeppninni þá fór serían í oddaleik þar sem hann skoraði held ég 52 stig.

**Með hvaða leikmanni hefur þér þótt skemmtilegast að spila með, hér heima eða úti?** Skemmtilegasti leikmaður sem ég hef spilað með... það koma nokkrir til greina en ég segi Oliver Arteaga. 40 ára gamall spánverji sem ég spilaði með í fyrra. Talaði ekki stakt orð í ensku þannig að samskiptin voru ekki mikil. Ég reyndi eitthvað að tala við hann á minni menntaskóla spænsku sem gekk stundum vel en stundum ekki. En inni á vellinum náðum við mjög vel saman þótt við skildum ekki hvorn annan utan vallar.

**Hvernig er venjulegur dagur hjá þér?** Venjulegur dagur hjá mér er þannig að ég vakna og fæ mér morgunmat. Fer síðan í íþróttahúsið og tek æfingu. Kíki svo í hádegismat með strákunum. Eftirmiðdagurinn fer svo í að klára hin

ýmsu verkefni sem bíða og undirbúa sig fyrir liðsæfingu kvöldsins. Eftir æfingu á kvöldin fer ég oftast að horfa á íþróttir, ef þær eru í boði í sjónvarpinu. Annars er það einhver sjónvarpsþáttasería sem verður fyrir valinu.

**Hvernig list þér á viðurnefnið Tóti Túrbó og veistu hver byrjaði að kalla þig þetta?** Mér list nú bara ágætlega á það. Halldór Árnason núverandi þjálfari Breiðabliks í fótbolta á vís hefurinn á nafninu. Hann þjálfaði mig í yngri flokkunum og byrjaði að kalla mig Tóta Túrbó á N1 fótboltamótinu á Akureyri. Síðan þá hefur þetta bara alltaf fylgt mér. Ég hef notað þetta á öllum samfélagsmiðlum síðan ég var ellefu eða tólf ára.

**Hvað þurfa ungir iðkendur í körfubolta að gera til að ná langt í sportinu að þínu mati?** Það er mjög mikilvægt að æfa vel og hafa áhuga á íþróttinni. Hlusta og læra, fara eftir fyrirælu eru allt hlutir sem er mjög gott að hafa í huga. Síðan er það bara að setja sér markmið og vinna markvisst að þeim. Bæði skammtíma og langtíma, það eru hlutir sem hafa hjálpað mér mjög mikið.

**Hvert er stefnan sett fyrir veturinn?** Stefnan er sett alla leið!

## íð styðjum Tindastól



# Dögunarrækja með hverjum sigri

Áfram Tindastóll!



*Viltu kaldsjávarrækja eins og hún gerist best*

Rækjan frá Dögun er framleidd  
úr hágæða hráefni úr Norður-Atlantshafi.  
Við leggjum áherslu á sjálfbærni veiðistofna  
og fullan rekjanleika vörunnar.





# Allt að smella hjá þeim

Íslandsmeistarar já Íslandsmeistarar, Íslandsmeistarar já Íslandsmeistarar... held að enginn Tindastólsaðdáandi eigi eftir að fá leið á að syngja þennan söng en eins og allir vita náði meistaraflokkur karla á ótrúlegan hátt að næla í þann langþráða titil. Það var því liðinu til happs að króatíski þjálfarinn Vladimir Anzulovic yfgrag Tindastólsbúðirnar og Pavel Ermolinski tók við þeim.

Það var hrein unun að fylgjast með hvernig Stólarnir tóku á flug eftir að Pavel fór að stýra liðinu og allt virtist smella saman hjá strákunum. Úrslitakeppnin var eins og samblanda af geggjúðum tónleikum og dramatísku leikriti sem enginn mátti missa af. Allt í einu var fólk sem aldrei hafði horft á körfuboltaleik, farið að fylgjast með, sýningin var stórkostleg. Samtakamátturinn og gleðin sem stóð yfir í samfélaginu lifir enn og vonandi fáum við að upplifa þennan kraft aftur lok þessa tímabils.

Nokkrar breytingar urðu á liðinu eftir síðasta tímabil. Má þar nefna að A.Keyshawn Woods, Taiwo H. Badmus og Sigurður Þorsteinsson dattu út. Helgi Rafn Viggósson ákvað að setja skóna á hilluna en hann hefur sést á áhorfendapöllumunum að styðja við sitt lið, að sjálfsögðu. Þeir sem bættust við hópinn voru þeir; Callum Lawson, Þórir G. Þorbjarnarson og svo mætti Hannes Másson ferskur á völlinn aftur. Svo er spurning hvort einhver fylli skarð Stephen Domingo sem staldraði ekki lengi við.

Eftir stutt undirbúningstímabil var farið til Þärnu í Eistlandi þar sem tekið var þátt í Evrópukeppni. Þar spilaði Tindastóll tvo leiki á háu getustigi og kom strax í ljós hversu hópurinn var góður. Meðan að Tindastóll ferðaðist heim frá Eistlandi hófst Subway deildin. Tindastóll fór í heimsókn til nýliða Álftaness í fyrstu umferð og bar sigur úr bitum þar. Tindastóll hefur verið án lykilleikmanna í upphafi, þeirra Péturs Rúnars, Sigtryggs Arnars og David Geks og á liðið því tölu vert inni þegar þeir eru komnir til baka.

**Allir í Síkið og áfram Tindastóll!**

TÍMABILID 2023-2024

**LEIKIR**

meistaraflokks karla



08. okt. kl. 19:15	ÁLFTANES - TINDASTÓLL	<u>65 - 70</u>
14. okt. kl. 19:15	TINDASTÓLL - KEFLAVÍK	<u>105 - 88</u>
20. okt. kl. 19:15	GRINDAVÍK - TINDASTÓLL	<u>96 - 106</u>
27. okt. kl. 19:15	TINDASTÓLL - VALUR	<u>75 - 86</u>
02. nóv. kl. 19:15	BREIÐABLIK - TINDASTÓLL	<u>77 - 92</u>
09. nóv. kl. 19:15	TINDASTÓLL - STJARNAN	<u>78 - 84</u>
17. nóv. kl. 19:15	NJARÐVÍK - TINDASTÓLL	_____
23. nóv. kl. 19:15	TINDASTÓLL - HAUKAR	_____
30. nóv. kl. 19:15	ÞÓR Þ. - TINDASTÓLL	_____
07. des. kl. 19:15	TINDASTÓLL - HÖTTUR	_____
14. des. kl. 19:15	HAMAR - TINDASTÓLL	_____
04. jan. kl. 19:15	TINDASTÓLL - ÁLFTANES	_____
11. jan. kl. 19:15	KEFLAVÍK - TINDASTÓLL	_____
18. jan. kl. 19:15	TINDASTÓLL - GRINDAVÍK	_____
25. jan. kl. 19:15	VALUR - TINDASTÓLL	_____
01. feb. kl. 19:15	TINDASTÓLL - BREIÐABLIK	_____
08. feb. kl. 19:15	STJARNAN - TINDASTÓLL	_____
15. feb. kl. 19:15	TINDASTÓLL - NJARÐVÍK	_____
07. mars kl. 19:15	HAUKAR - TINDASTÓLL	_____
14. mars kl. 19:15	TINDASTÓLL - ÞÓR Þ.	_____
28. mars kl. 19:15	HÖTTUR - TINDASTÓLL	_____
04. apríl kl. 19:15	TINDASTÓLL - HAMAR	_____



**PAWEL ERMOLINSKI**  
ÞJÁLFARI KARLALÍÐS TINDASTÓLS

# „Tindastóll eina verkefnið sem ég vildi tengt körfubolta“

Pennan mann þarf vart að kynna fyrir Tindastólsaðdáendum því honum tókst það sem engum öðrum hefur tekist með karlalíð Tindastóls og það á methraða að gera þá að Íslandsmeisturum. Pavel er hógvægur og jarðbundinn maður með mjög sterka sýn á körfubolta og taldi sig ekki eiga mikinn þátt í því að landa titlinum sem allir hafa beðið eftir lengi. Stóllinn hafði samband við goðið sem gaf sér smá tíma í að svara nokkrum spurningum.

Nú tókstu við liðinu á skrítnum tíma síðasta vetur, gerðir þú þér einhverjar vonir um að ná þessum glæsilega árangri sem þú náðir með liðið þegar þú tókst við? Vonir já auðvitað, drauma. Maður sér oft bestu mögulegu niðurstöðuna í kollinum á sér. Og svo þegar það raungerist áttaru þig á því hversu geggjað það er í raun og veru.

**Nú eru væntingarnar til liðsins mjög miklar fyrir þetta tímabil er stefnan sett á bæði Bikar- og Íslandsmeistaratitil í ár?**

Stefnan er sett á að vera með lið sem gerir tilkall. Það er frekja að láta eins og þú einn getur unnið. Við erum að keppa við aðra sem hafa sömu væntingar og vonir. Við viljum vera á þem stað að líða eins og aðrir þurfa að fara í gegnum okkur. Meira getum við ekki beðið um.

**Ertu ánægður með hópinn sem þú ert kominn með?** Já mjög. Það er ástæða fyrir því að þessir leikmenn eru hérna. Ég vil hafa þá hérna.

**Hvernig finnst þér tímabilið fara af stað?**

**Eru einhver lið að koma þér á óvart?** Það er meiri óvissa í ár en fyrr. Mikið af liðum sem eru að endurnýja sig og óvíst hver af þeim munu smella. En fyrir rest munu einhver lið standa sterk og það verður samkeppnin okkar. Við vitum hreinlega ekki enn hver þau verða.

**Ertu ánægður með spilamennskuna hjá liðinu so far?**

Undirbúningstímabilið var ekki frábært. Það var smá deyfð yfir okkur. Eistlandsförin kveikti svo í einhverju og við tókum þrjú skref fram á við. Ég er virkilega sáttur með hvar við erum í dag og við stöndum betur en ég þorði að vona. Ég hef séð glefsur sem ég vonaðist eftir að sjá eftir 3-4 mánuði.

Við höfum í það minnsta sýnt hvar við getum verið þótt það gerist ekki í hverjum leik.

**Hvaða 3-4 lið telur þú að verði sterkust í vetur?** Valur verður þarna, erkióvinur okkar. Suðurnesin verða þarna. Stjarnan verður þarna á endanum. Eins og alltaf verða þetta 4-6 lið sem munu eiga raunhæfan möguleika þegar úrslitakeppnin byrjar.

**Er einhver leikmaður sem þú ert ekki með í liðinu í dag sem þú værir til í að hafa?** Já ég væri til í að vera í betra formi sjálfur og gefið liðinu 15 mín. Þá myndum við aldrei tapa.

**Hversu nálagt því varst þú að fá Acox í liðið?** Mjög.

**Varstu á einhverjum tímupunkti síðasta vetur næstum því búinn að reima á þig skóna fyrir einvern leik?** Það var nokkurra daga gluggi eftir slæmt tap þar sem ég var reiður og taldi það vera einu lausnina, að bjarga þessu sjálfur sem leikmaður. Ég tók næstu æfingu með strákunum og það kom bersýnilega í ljós að ég átti ekkert erindi inni á vellinum. Blessunarlega þöggudu strákarnir strax niður í mér og horfðu aldrei aftur um öxl.

**Áður en stjórn Tindastóls sótti þig suður varstu eitthvað búinn að hugsa um að fara út í það að þjálfar?** Nei, ekki á þeim tíma. Ég vildi halda mig frá körfubolta. Tindastóll var eina verkefnið sem ég vildi tengt körfubolta.

**Nú ertu kominn í þjálfarahóp Íslenska landsliðsins hvernig er það, er mikill munur?** Já ég er hluti af teymi. Ég hef ekki sömu rödd og þarf að finna mitt pláss. Það eru fáir leikir og stuttir gluggar. Ég á enn eftir að koma mér almennilega fyrir en landsliðið hefur alltaf verið griðarstaðurinn minn.

**Menn segja að þú hafir oft verið „þjálfarinn á bak við tjöldin“ hjá þeim liðum sem þú spilaðir með áður, er það rétt?** Nei, en ég var alltaf leiðtogi. Alveg eins og Tindastóll hefur leiðtoga. Leikmenn eru mikilvægari en fólk heldur og þjálfarar eru minna mikilvægari en fólk heldur. Það er mín skoðun.

**Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Er eitthvað eitt sem þú gerir alltaf fyrir leik?** Sem leikmaður var löng og krefjandi rútína sem var galin eftir á að hyggja en núna er ekkert spes í gangi. Ég mæti, tek kaffi með Svavari og Helga inni á skrifstofu að tala um eitthvað allt annað en körfubolta. Svo kem ég fram u.þ.b. 15 mín. fyrir leik og tapa mér í leiknum.

**Hversu oft hefur þig langað til að stoppa léleg viðtöl og segja - ég nenni ekki að svara þessum fáránlegu spurningum sem þú ert að spyrja mig?** Mjög oft.

En íþróttir eru leikhús fyrir aðra og það þarf að búa til efni, ég er meðvitaður um það. Eins og þetta viðtal. Kl. 21:31 á þriðjudagskvöldi og ég er þreyttur. Ég tel þetta skipta máli. Körfubolti er 40 mín. leikur sem að skiptir mig öllu máli en þið þurfið að hafa eitthvað til að tala um á morgun. Ég hef svarað þessum tilteknu spurningum oft áður og gæti rumpað þeim af án hugsunar en ég reyni að vera hreinskilinn í svona aðstæðum.

**Hvernig líkar ykkur á Króknum, eruð þið fjölskyldan búin að koma ykkur vel fyrir hér?** Ótrúlega vel. Það er auðvelt fyrir mig að komast inn í samfélagið í gegnum körfuboltann. Ég er inni strax. En að Ragna Margrét, konan mín, sé strax búin að eignast vinkonur og félagslíf sýnir hversu heilsteyppt og bjóðandi samfélag þetta er. Emil, eldri sonur okkar vill frekar vera á leikskólanum en heima hjá sér sem er til marks um hversu gott starf er verið að vinna þar.



**SVAVAR BIRGISSON**

43 ÁRA AÐSTOÐARÞJÁLFARI

**ÍSAK ÓLI TRAUSTASON**

28 ÁRA STYRKTRÞJÁLFARI

LEIKMENN  
KYNNING**4** AXEL  
KÁRASON

40 ÁRA FRAMHERJI &gt; 194 SM

**6** ARNAR  
BJÖRNSSON

30 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 179 SM

**7** PÉTUR RÚNAR  
BIRGISSON

27 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 185 SM

**11** DAVIS  
GEKS

32 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 192 SM

**16** ADOMAS  
DRUNGILAS

33 ÁRA MIÐHERJI &gt; 207 SM

**21** CALLUM  
LAWSON

27 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 198 SM



**8 ORRI SVAVARSSON**

18 ÁRA FRAMHERJI > 198 SM



**9 ÞÓRIR G. ÞORBJARNARSON**

25 ÁRA FRAMHERJI > 198 SM



**10 VEIGAR SVAVARSSON**

18 ÁRA FRAMHERJI > 195 SM



**34 RAGNAR ÁGÚSTSSON**

22 ÁRA FRAMHERJI > 196 SM



**35 HANNES MÁSSON**

27 ÁRA BAKVÖRDUR > 195 SM



**HELGI RAFN VIGGÓSSON**  
LEGGUR SKÓNA Á HILLUNA

# Löngum og farsælum ferli Helga Rafns fyrirliða Tindastóls lokið

Helgi Rafn Viggósson lék sinn fyrsta leik í úrvalsdeild karla haustið 2001 þegar Tindastóll heimsótti Breiðablik í Smárann í fyrstu umferð Epsón deildarinnar. Fyrstu stigin komu svo á heimavelli í næstu umferð gegn Hamri, hann var þá 18 ára gamall.

Þjálfari Tindastóls á fyrsta tímabili Helga með meistaraflokki var Valur Ingimundarson og meðal samherja voru Helgi Freyr Margeirsson, Friðrik Hreinsson, Lárus Dagur Pálsson og Kristinn Friðriksson svo einhverjir séu nefndir.

Þegar Helgi Rafn lagði skóna á hilluna í vor hafði hann leikið 22 tímabil með Tindastól, en enginn hefur leikið fleiri tímabil í sögu félagsins og nánast einsdæmi að sami leikmaður leiki svo lengi með einu og sama félaginu.

Á ferlinum lék Helgi Rafn 387 úrvalsdeildarleiki, 84 leiki í úrslitakeppni og 19 leiki í 1. deild auk fjölda bikarleikja, fyrirtækjabikarleikja og annarra leikja fyrir félagið. Alls lék Helgi Rafn yfir 500 leikir fyrir félagið og er hann leikjahæsti leikmaður Tindastóls. Helgi Rafn er í 7. sæti yfir þá leikmenn sem hafa leikið flesta deildarleiki í efstu deild karla frá upphafi.

Á 22 ára ferli Helga Rafns komst Tindastóll 12 sinnum í úrslitakeppni og fjórum sinnum í lokaúrslitin. Liðið hefur tvisvar farið í bikarúrslit og einu sinni orðið bikarmeistari, tók þá Helgi Rafn við bikarnum í Laugardalshöll í janúar 2018 fyrir framan stóran hóp af stuðningsmönnum Tindastóls.

Helgi Rafn var svo aftur á ferðinni í vor þegar hann lyfti bikarnum þegar liðið varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn nú í vor.

Besti leikur Helga Rafns var viðureign Tindastóls og KR 23. október 2009, þar skoraði hann 36 stig og var með 38 í framlag.

Á ferlinum skoraði Helgi Rafn 3147 stig í Íslandsmóti, tók 2404 fráköst og fékk dæmdar á sig 1362 villur. Helgi hefur tekið flest fráköst fyrir Tindastól, stolið flestum boltum, fengið á sig flestar villur og er í þriðja sæti yfir þá sem hafa sent flestar stoðsendingar, varið flest skot og skorað flest stig.

Ferill Helga Rafns verður þó ekki eingöngu metinn út frá tölfraði heldur var hann fyrirliði Tindastóls í orðsins fyllstu merkingu. Þeirri stöðu tók hann við mjög snemma á ferlinum og var ætíð öðru æskufólki til fyrirmyndar. Lagði sig allan fram hvort sem var á æfingum eða í leikjum þar sem hann hvatti liðsfélaga sína áfram í blíðu og stríðu.

**Takk Helgi Rafn fyrir allt sem þú hefur gert fyrir Tindastól!**





# 100% RAFMAGNSBÍLL TOYOTA bZ4X



Verð frá: 7.350.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 166.000 kr.



Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTEKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.



# Áfram Tindastóll!

**Við hvetjum Tindastól  
aftur til sigurs í vetur**







**RÚNAR BIRGIR GÍSLASON**  
AÐAL FARARSTJÓRI HÓPSINS

# Evrópuævintýrið í Pärnu

Þegar ljóst var í vor að karlalíð Tindastóls var orðið Íslandsmeistari í körfubolta 2023 fóru af stað vangaveitur um að taka þátt í Evrópukeppni. Fór svo að liðið var skráð til leiks í FIBA Europe Cup. Það var fljótt ljóst að liðið þyrfti að taka þátt í forkeppni um að komast í riðlakeppnina og í byrjun ágúst var dregið í forkeppnina. Tindastóll var það lið sem var úr neðsta styrkleikaflokki sem var dregið var í riðil með Pärnu frá Eistlandi og Trepca frá Kosovo. Ljóst var að riðillinn yrði leikinn á heimavelli eistneska liðsins í byrjun október.

Það var fríður hópur sem hélt á vit ævintýranna 1. október og flaug til Svíþjóðar og svo Tallinn í Eistlandi þar sem beið tveggja tíma rútuferð. Kvöldið var nýtt í að ná ferðalaginu úr líkamanum og farið í göngutúr um Pärnu. Daginn eftir var svo ein æfing í keppnishöllinni og tíminn nýttur í að hvíla og undirbúa sig andlega sem og líkamlega, t.d. í spa aðstöðu hótelsins sem var til fyrirmyndar.

Fyrri leikurinn var gegn heimaliðinu Pärnu þann 3. október, liðið tók rólega æfingu um morguninn en leikurinn var svo um kvöldið, fyrsti Evrópuleikur Tindastóls.

Það gladdi leikmennina að sjá um 50 manna hóp stuðningsmanna sinna í stúkunnni og má segja að þeir hafi yfirgnæft stuðningsmenn heimaliðsins sem þó voru með 11 trommur.

Sigtryggur Arnar Björnsson skoraði fyrstu körfu Tindastóls við mikinn fögnuð stuðningsmannanna en það mátti sjá á sóknarleik liðsins að það var enn haust en hins vegar var vörnin frábær, staðan í hálfleik 26-35 fyrir heimamönnum. Sama vörnin hélt



áfram í þeim seinni og sóknin fór að smella og að lokum sigraði Tindastóll 69-62 og fyrsti sigur Tindastóls í Evrópukeppni og jafnfram fyrsti sigur íslensks karlalíðs í 16 ár í Evrópukeppni.

Strax daginn eftir var leikur við Trepca frá Kósovó og var sá leikur barátta nánast allan leikinn en Tindastólmenn höfðu frumkvæðið framan af og leiddu með fimm stigum í hálfleik. Trepca byrjaði betur í seinni hálfleik og fóru síðustu bensíndroparnir hjá Tindastóll í að reyna að vinna upp forskot Trepca í lokinn en á endanum vann Trepca 77-69. Niðurstaðan einn sigur og eitt tap sem liðið getur verið stolt af. Heimferðin hófst svo strax klukkan sjö morguninn eftir með rútuferð til Tallinn og svo flug til Svíþjóðar og áfram til Keflavíkur þar sem flestir brunuðu sem fyrst heim í Skagafjörðinn.

Um það leiti sem hópurinn var að lenda í Skagafirðinum kom svo endanlega í

ljós hvort liðið kæmist áfram þar sem forkeppnin var samansett af sjö riðlum þar sem sigurlíðin fóru öll áfram og svo þau tvö lið með besta árangurinn í öðru sæti hvers riðils. Þar sem Trepca vann Pärnu endaði Tindastóll í öðru sæti og þegar allir riðlar voru búnir kom í ljós að Tindastóll var með fjórða besta árangurinn í öðru sæti, örstutt frá því að komast áfram.

Niðurstaða Tindastóls í þessari forkeppni er því einn sigur og eitt tap. Leikmenn liðsins unnu sér inn virðingu allra sem að þessu komu með framkomu sinni og baráttu. Auk þess vann liðið yfirburðarsigur í stúkunnni þar sem stuðningur liðsins var eftirtektarverður og umtalaður. Sem fyrr sýnir Tindastóll að félagið sendir ekki bara körfuboltaleikmenn til leiks heldur heilt samfélag. Liðið getur gengið stolt frá þessari keppni, sem var frábær undirbúningur fyrir komandi vetur.

**Áfram Tindastóll!**

# EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

INNLEND FRAMLIEÐSLA  
BETRI EINANGRUN



## STEINULL



SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@steinull.is • www.steinull.is

## Við styðjum Tindastól




*Verið velkomin í bakariist!*


ADALGÖTU 5 | 550 SAUÐÁRKRÓKUR | © 455 5000



# íð erum Tindastóll











Skagafjörður

# ÁFRAM TINDASTÓLL



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

velliðan fyrir alla

# VÖRUMIÐLUN<sup>EHF</sup>

Við tökum það alltaf  
með truckki...

...og skorum á Tindastól  
að gera það sama!





**ÁGÚST INGI ÁGÚSTSSON SKRIFAR**

# Á meðal þeirra bestu í 35 ár

Mikil fagnaðarlæti brutust út í íþróttahúsinu á Sauðárkróki föstudagskvöldið 8. apríl árið 1988 þegar Tindastóll tryggði sér sæti í úrvalsdeild karla í körfuknattleik. Heimamenn sigruðu þá Ungmenn- og íþróttasamband Austurlands í síðasta leik Íslandsmóts 1. deildar. Eyjólfur Sverrisson var atkvæðamestur í liði Tindastóls með 43 stig auk þess að taka tólf fráköst.<sup>1</sup> Tindastóll hafði því eignast lið í efstu deild aðeins tveimur árum eftir að löglegur keppnisvöllur kom til á Króknum, en íþróttahúsið var vígt í janúar 1986. Um þessar mundir eru því 35 ár síðan Tindastóll lék fyrst í úrvalsdeild karla í körfuknattleik og ekki úr vegi að rifja upp þetta fyrsta tímabil liðsins meðal þeirra bestu.

## FYRSTA TÍMABILÍÐ Í EFSTU DEILD

Sá hópur leikmanna sem tryggði Tindastóli þátttökurétt í efstu deild myndaði kjarna þess liðs sem félagið tefldi fram á sínu fyrsta tímabili í úrvalsdeild. En stærstu tíðindin í íslenskum körfuknattleik sumarið 1988 voru þegar Valur Ingimundarson, þjálfari og leikmaður Njarðvíkur, ákvað að ganga til liðs við nýliðana í Tindastól. Valur sem var einn besti leikmaður landsins sagði í blaðaviðtölum frá þessum tíma að staðið hafði til hjá honum í nokkurn tíma að breyta til. Eftir mikla sigurgöngu Njarðvíkinga á niunda áratug síðustu aldar þurfti hann á nýjum áskorunum að halda.<sup>2</sup> Einnig gekk Guðbrandur Stefánsson til liðs við Stólana, en hafði leikið með Breiðablik í úrvalsdeild tímabilið á undan. Fyrir tímabilið var gert samkomulag við bandaríska

þjálfarann Daniel Dunn um að stýra liðinu.<sup>3</sup> Dunn kom hins vegar ekki því stjórn körfuknattleiksdeildarinnar þurfti að rífta því samkomulagi vegna takmarkaðra fjárráða. Valur var því í kjölfar þeirrar ákvörðunar ráðinn spilandi þjálfari liðsins.<sup>4</sup> Kári Marísson sem stýrði liðinu til sigurs í 1. deildinni lék áfram með liðinu.

Keppnisfyrirkomulagi úrvalsdeildarinnar, sem nefndist Flugleiðadeildin, var breytt fyrir keppnistímabilið 1988-1989 þannig að liðum var fjölgað úr níu í tíu. Keppt skyldi í tveimur fimm liða riðlum sem nefndir voru A og B riðlar. Léku liðin fjórar umferðir við lið úr sínum riðli, en tvær við lið úr hinum riðlinum. Hvert lið spilaði því 26 leiki yfir tímabilið og var þetta fyrirkomulag við lýði til ársins 1997. Tindastóll hafnaði í sterkari riðlinum með Keflavík, KR, ÍR og Haukum, sem voru ríkjandi Íslandsmeistarar.<sup>5</sup>

## ERFIÐ BYRJUN OG ÞRÍFRAMLENGDUR LEIKUR GEGN ÍSLANDSMEISTURUNUM

Fyrsti leikur Tindastóls í úrvalsdeild var leikinn í Keflavík þann 1. október 1988. Eftir jafnræði í fyrri hálfleik þar sem liðsmenn Tindastóls virtust klárir í átök úrvalsdeildarinnar, settu heimamenn í fluggirinn og unnu sannfærandi sigur 97-67. Fékk Tindastóll því skell í frumraun sinni meðal þeirra bestu, Valur Ingimundarson fór fyrir sínum mönnum og skoraði 25 stig.<sup>6</sup> Mikil eftirvænting ríkti á Króknum þriðjudaginn 4. október fyrir fyrsta heimaleikinn í efstu deild gegn gamla stórveldinu KR. Um 400 manns fylltu



Jóhann Magnússon, Kári Marísson, Guðbrandur Stefánsson, Hjalti Árnason, Valur Ingimundarson, Ágúst Kárason, Eyjólfur Sverrisson, Björn Sigtryggsson, Pétur V. Sigurðsson, Sverrir Sverrisson og Kristinn Baldvinsson. Á myndina vantar Harald Leifsson og Örn S. Halldórsson sem einnig léku með liðinu tímabilið 1988-89.



Tvíhleypan ógurlega, Eyjólfur og Valur.

áhorfendastæðin, „[æ]tlaði þakið að rifna af íþróttahúsinu, svo mikill var æsingur í áhorfendum” þegar skammt var til leikstoka og leikurinn í járnum. KR-ingar höfðu þó sigur að lokum 77-80. Þess má geta að áhorfendastúkur komu ekki í íþróttahúsið á Sauðárkróki fyrr enn á öðru tímabili Tindastóls í efstu deild. Áhorfendur á Króknum urðu strax virkir og aðstoð þeirra við dómgæslu engin nýlunda. Eftir einn heimaleik tímabilsins skrifaði Björn Jóhann Björnsson, þáverandi blaðamaður Dags, um hegðun áhorfenda, „[...] ættu sumir áhorfendur að verða sér úti um leikreglur í körfubolta, það heyrast frá mörgum óþarfa hróp og köll, leik eftir leik, sama hvað dómaramenn dæma á Tindastól. Þetta gerir ekkert annað en að koma óorði á lið Tindastóls og heimavöll þess.”<sup>8</sup> Eiga þessi orð jafn vel við þá og nú. Nafngift heimavallar Tindastóls á rætur að rekja til blaðaskrifa Þórhalls Ásmundsson, fyrrum ritstjóra Feykis, þar sem hann segir frá Krókódilasíkinu í dagblaðinu Degi í febrúar 1987.<sup>9</sup> Vísar Þórhallur þar í umgjörð íþróttahússins þar sem áhorfendur stóðu á svölum hringinn í kringum leikvöllinn.

Einn magnaðasti leikur sem farið hefur fram á Sauðárkróki var leikur Tindastóls og Hauka sunnudaginn 16. október 1988. Þessi leikur er ógleymanlegur þeim sem voru í íþróttahúsinu, en þetta var aðeins fjórði leikur Tindastóls í efstu deild og höfðu þrír fyrstu leikirnir tapast og liðið hungrað í sigur. Þrisvar þurfti að framlengja leikinn til þess að ná fram úrslitum og var allt á suðupunkti í framlengingunum þremur, en leikurinn endaði með sigri Hauka 134-141. Eyjólfur Sverrisson fór mikinn í fyrri hálfleik þar sem hann gerði 26 stig. Valur Ingimundarson og Pálmar Sigurðsson liðsmaður Hauka fóru hins vegar á kostum í framlengingunum og þróaðist leikurinn í einvígi þeirra á milli. Pálmar hitti nánast úr öllum skotum sínum, en hann gerði sex þriggja stiga körfur og skoraði alls 43 stig í leiknum. Valur var einnig yfirburðarmaður í sínu liði og skoraði 53 stig í leiknum.<sup>10</sup>

## FYRSTU SIGRARNIR

Fyrsti sigurleikur Tindastóls í úrvalsdeild var gegn Íþróttafélagi stúdentna á heimavelli í sjöundu umferð. Lokatölur urðu 85-65, Eyjólfur Sverrisson átti stórleik og skoraði 38 stig og Valur 27.<sup>11</sup> Þeir tveir voru fremstir í stigaskorun leikmanna Tindastóls þetta tímabilið og fengu viðurnefnið Tvíhleypan hjá blaðamönnum.<sup>12</sup> Eftir fyrsta sigurinn héldu Tindastólmenn til Akureyrar og mættu heimamönnum í Þór. Var þetta fyrsti nágrannslagurinn í úrvalsdeild. Leikir þessara liða á fyrstu árum Tindastóls í efstu deild voru miklir baráttu- og stemmningsleikir sem gjarnan einkenna slíkar nágranna viðureignir í íþróttum. Haraldur Leifsson trygðir Tindastóli sigur í þessari viðureign með sniðskoti eftir laglegt gegnumbrot, en lokatölur urðu 79-76.<sup>13</sup> Voru þessir sigrar gegn Þór og ÍS ákaflega mikilvægir eins og sigurleikir gegn sömu liðum skömmu eftir áramót. Með þessum sigrum gulltryggni lið Tindastóls sér áframhaldandi veru í úrvalsdeild, þar sem þessi þrjú lið börðust við falldrauginn.

## TÍMABILID Í HNOTSKURN

Mikilvægasta markmið tímabilsins náðist, en það var að halda sér uppi í úrvalsdeild. Reynsluleysi kom liðinu oft í koll í jöfnum leikjum auk þess hve fáir leikmenn voru notaðir í hverjum leik. Voru lykilmenn því oft ansi þreyttir í lok leikja. Valur Ingimundarson og Eyjólfur Sverrisson voru yfirburðarmenn liðsins. Valur skoraði samtals 673 stig eða 26,9 að meðaltali og Eyjólfur skoraði 629 sem gera 24,2 stig að meðaltali. Samtals skorðuðu þeir 61% stiga liðsins. Valur var síðan burðarás liðsins næstu árin, en leiktímabilið 1988-1989 er eina tímabilið sem Eyjólfur lék í úrvalsdeild í körfubolta. Hann lék aðeins einn leik tímabilið á eftir áður en hann gerðist atvinnumaður í knattspyrnu. Óhætt er að fullyrða að körfubolti í fremstu röð hafi orðið hluti af bæjarbragnum á Sauðárkróki árið 1988. Hófst þá nýr kafli í íþróttasögu Skagfirðinga sem náði hápunkti sínum með Íslandsmeistarattíli á síðasta keppnistímabili.

## LOKASTAÐA ÚRVALSDEILDAR 1988-89

1. UMFN	26	22	4	2318:1960	358	44
2. Keflavík	26	20	6	2337:1947	390	40
3. KR	26	18	8	2069:1914	155	36
4. Valur	26	17	9	2230:2018	212	34
5. UMFG	26	16	10	2128:1968	160	32
6. Haukar	26	14	12	2278:2150	128	28
7. ÍR	26	12	14	2021:2078	-57	24
8. Tindastóll	26	7	19	2140:2263	-123	14
9. Þór Ak.	26	3	23	2025:2475	-450	6
10. ÍS	26	1	25	1631:2404	-773	2

## TÖLFRÆÐI TÍMABILSINS

Eftirfarandi leikmenn léku fyrir hönd Tindastóls leiktímabilið 1988-1989. Tölfræði leikmanna er sótt af vef Kórfuknattleikssambands Íslands.<sup>14</sup> Tölfræðisöfnun var ekki eins ítarleg og nú er orðin, er nokkuð ljóst að liðsmenn Tindastóls hafi gefið fleiri stoðsendingar en tölfræðin gefur í skyn.

Leikmaður:	Leikir:	Stig að meðaltali í leik:	Fráköst að meðaltali í leik:	Stoðsendingar að meðaltali í leik:
Valur Ingimundarson	25	26,9	11,8	1,44
Eyjólfur Sverrisson	26	24,2	4,6	0,9
Haraldur Leifsson	22	10,7	7,5	0,4
Sverrir Sverrisson	26	7,8	2,1	0,9
Björn Sigtryggsson	26	7	4,1	0,6
Kári Marísson	26	4,5	2,8	1
Guðbrandur Stefánsson	20	2,8	1,4	0,6
Ágúst Kárasón	21	1,5	1,9	0
Pétur V. Sigurðsson	22	0,5	0,4	0
Hjalti Árnason	20	0	0	0
Kristinn Baldvinsson	24	0	0	0
Örn S. Halldórsson	1	0	0	0

## HEIMILDIR:

- <sup>1</sup> Þórhallur Ásmundsson, „Tindastóll í úrvalsdeild“, Dagur, 8. apríl 1988
- <sup>2</sup> „Valur Ingimundarson til Tindastóls“, Dagur, 8. júlí 1988.
- <sup>3</sup> „Fer Valur í Til Tindastóls?“, Tíminn, 6. júlí 1988
- <sup>4</sup> Friðrik Jónsson fyrrum stjórnarmaður kkd. Tindastóls, viðtal við höfund, 7. september 2023
- <sup>5</sup> Kórfuknattleiksdeild Tindastóls, „Skýrsla stjórnar,“ 1989, bls. 5.
- <sup>6</sup> „Stólarnir sprungu í seinni hálfleik,“ Dagur, 4. október 1988.
- <sup>7</sup> Björn Jóhann Björnsson, „KR-ingar mörðu sigur gegn Tindastól,“ Dagur, 5 október 1988.
- <sup>8</sup> Björn Jóhann Björnsson, „Slakt hjá Tindastól gegn ÍR. Sannfærandi sigur gestanna 88-81,“ Dagur, 15. nóvember 1988.
- <sup>9</sup> Þórhallur Ásmundsson, „Tindastóll lagði Blika í hörkuleik,“ Dagur, 9. febrúar 1989.
- <sup>10</sup> Þórhallur Ásmundsson, „Haukur þurftu þrjár framlengingar,“ Dagblaðið Vísir, 17. október 1988.
- <sup>11</sup> Þórhallur Ásmundsson, „Sigur en lítil stémning,“ Dagblaðið Vísir, 26. október 1988.
- <sup>12</sup> Létt hjá UMFT gegn Stúdentum, Tíminn, 26. október 1988.
- <sup>13</sup> „Tindastóll lagði Þór í hörkuleik, Dagur, 1. nóvember 1988.
- <sup>14</sup> „Tindastóll“, Kórfuknattleikssamband Íslands, sótt 12. september 2023, [http://gamli.kki.is/mot/151989001\\_TINDASTOLL\\_.htm](http://gamli.kki.is/mot/151989001_TINDASTOLL_.htm)

## Íð styðjum Tindastól



**THULE**  
SWEDEN

# Ferðavörur í miklu úrvali

Skíðafestingar, ferðabox, hjólafestingar,  
og margt fleira frá Thule!



 **Stilling**  
*Gæðin skipta okkur máli*

Reykjavík  
Bíldshöfði 10

Hafnarfjörður  
Bæjarhraun 6

Akureyri  
Baldursnes 4

Selfoss  
Hrísmýri 2a

[www.stilling.is](http://www.stilling.is) • Sími: 520 8000 • [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

# Spennandi tími framundan

Stelpurnar enduðu í næst neðsta sæti í 1. deild á seinasta tímabili og var það ekki niðurstaðan sem vonast var eftir þegar þjálfari liðsins, sviinn Patrick Ryan, var ráðinn til að stýra stelpunum.

Það var því tekin ákvörðun um að endurnýja ekki samninginn hans við Tindastól og leit að nýjum þjálfara fyrir komandi tímabil hafin. Þann 11. júlí kom tilkynning um að Helgi Freyr Margeirsson myndi taka við meistaraflokki kvenna ásamt því að stýra körfuboltaakademíu FNV.

Talsverðar breytingar urðu á kvennaliðinu og þær sem yfirgáfu liðið eða gáfu ekki kost á sér eftir síðasta tímabil voru Chloe Rae, Hafdís Lind, Nína Karen, Inga Sólveig, Stefánía Hermanns, Rebekka Hólm og Ingigerður Sól. Þær sem bættust við hópinn voru þær Andriana Kasapi, Rannveig Guðmundsdóttir, Brynja Líf, Inga Sigríður, Ifunanya Okoro og Aníka Lind.

Nýtt tímabil byrjaði ekki alveg eins og vonir voru enda fullt af ungum nýjum leikmönnum sem þurfa tíma til að stilla saman strengi. Einnig átti eftir að semja við tvo erlenda leikmenn og bættust þær Ivy og Adriana við eftir að leikar hófust og lífnaði heldur betur á stelpunum eftir það. Það verður því spennandi að fylgjast með hópnum á þessu tímabili og vonandi ná þær að blanda sér í úrslitakeppnina í ár.

Allir í Síkið og áfram Tindastóll!

## TÍMABILID 2023–2024

# LEIKIR TINDASTÓLS

*meistaraflokkur kvenna*



07. okt. kl. 19:00	AÐENA - TINDASTÓLL	<u>100 - 59</u>
15. okt. kl. 18:30	KR - TINDASTÓLL	<u>98 - 58</u>
28. okt. kl. 18:00	TINDASTÓLL - STJARNAN	<u>85 - 65</u>
05. nóv. kl. 16:15	ÁRMANN - TINDASTÓLL	<u>55 - 70</u>
08. nóv. kl. 18:00	TINDASTÓLL - HAMAR/ÞÓR	<u>67 - 66</u>
18. nóv. kl. 18:00	TINDASTÓLL - KEFLAVÍK	_____
25. nóv. kl. 18:00	TINDASTÓLL - AÐENA	_____
01. des. kl. 18:15	TINDASTÓLL - KR	_____
07. jan. kl. 15:00	STJARNAN - TINDASTÓLL	_____
13. jan. kl. 18:00	ÁRMANN - TINDASTÓLL	_____
20. jan. kl. 17:30	ÍR - TINDASTÓLL	_____
27. jan. kl. 18:00	HAMAR/ÞÓR - TINDASTÓLL	_____
03. feb. kl. 18:00	TINDASTÓLL - ÍR	_____
10. feb. kl. 16:00	KEFLAVÍK - TINDASTÓLL	_____
13. feb. kl. 19:00	AÐENA - TINDASTÓLL	_____
24. feb. kl. 18:00	KR - TINDASTÓLL	_____
02. mars kl. 18:00	TINDASTÓLL - STJARNAN	_____
09. mars kl. 19:00	TINDASTÓLL - ÁRMANN	_____
16. mars kl. 18:00	TINDASTÓLL - HAMAR/ÞÓR	_____
26. mars kl. 18:00	ÍR - TINDASTÓLL	_____
02. apríl kl. 18:00	TINDASTÓLL - KEFLAVÍK	_____



**HELGI FREYR MARGEIRSSON**  
ÞJÁLFARI KVENNALIÐS TINDASTÓLS

# Vinnan við að koma kvennaliði Tindastóls upp í Subwaydeildina hafin



Skagfróingurinn Helgi Freyr Margeirsson þekja allir sem fylgst hafa með körfubolta á þessu svæði en hann tók við kvennaliði Tindastóls nú í lok sumars en áður hefur hann verið aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki karla í nokkur tímabil. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem hann tekur að sér þjálfun á kvennaliði og segir Helgi Freyr að þó að nálgunin á leikmönnum sé ekki sú sama þá snýst þetta í grunninum um sömu hlutina og markmiðin, að að því að auka gæði leikmanna og liðsins í heild.

## Hvernig leggst komandi tímabil í þig?

Tímabilið leggst vel í mig, er að máta mig við nýtt hlutverk og þó ég þekki sumar heimastelpurnar eitthvað frá því áður að þá er ég að kynna þeim flestum á allt annan hátt og nýju leikmönnum alveg. Deildin í ár verður skemmtileg, greinilegt að meirihluti liðanna ætla sér stóra hluti í ár sem gerir það að verkum að hver leikur skiptir miklu máli.

## Ertu ánægður með hópinn sem þú ert kominn með?

Ég er mjög ánægður með hópinn, skemmtileg blanda leikmanna sem gaman er að vinna með. Við sem lið erum að ná betur og betur saman og hver og ein að átta sig betur á því hvert hennar hlutverk er og hvernig hún getur hjálpað liðinu best til að ná árangri. Það er alveg vitað þegar farið var af stað í sumar að þetta tæki tíma með svona marga nýja leikmenn í hópnum, en við sjáum framfarir og auknið sjálfstraust í hópnum sem mun hjálpa okkur fram á við.

**Hvernig kom það til að þú tókst við þjálfun m.fl. kvenna?**

Ég var búinn að vera aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki karla frá því í byrjun mars 2022 og fram á síðasta vor. Ætli þessi tillaga komi ekki í kjölfarið á því einhvern veginn. Ákvörðunin var svo tekin fljótlega eftir að við Margrét mín fórum vel yfir þetta og ég hafði átt samtal við aðra sem að var nauðsynlegt að hafa með sér í liði til að þetta væri möguleiki þar sem þetta starf kallar á mikla vinnu og fjarveru frá heimili.

**Hvert er stefnan sett?** Liðið ætla sér auðvitað að enda eins ofarlega og það getur í vor og tryggja sig þannig í úrslitakeppnina. Stefna kkd. Tindastóls er að vera með kvennalið í Subway-deildinni innan fárra ára. Hvenær það raungerist mun koma í ljós en vinnan að því markmiði er hafin. Körfuknattleiksdeild Tindastóls, aðdáendur og stuðningsaðilar eru metnaðarfullir fyrir félagið sitt.

**Hvaða lið heldur þú að verði í topp þrem í 1. deildinni?** Tindastóll, Ármann og KR.

**Eru að koma ungar og efnilegar stelpur upp í liðið?** Liðið er mjög ungt, margar enn gjaldgengar í ungmennaflokki. Það eru margar ungar og efnilegar/góðar stelpur í liðinu sem eiga eftir að bæta sig þegar liður á. Yngsti leikmaður liðsins er Emma Helgadóttir en hún er í 10. bekk. Þar fyrir neðan er elsti flokkur Tindastóls 9. flokkur. Það þarf að halda vel á spilunum til að halda stelpunum inni í íþróttinni. Það er einhvern veginn þannig að stelpur byrja oft mikið fyrr í meistaraflokksbolta en strákar.

**Hver er lykilleikmaðurinn í hópnum?** Eins og oft vill verða að þá eru atvinnumennirnir fyrirferðamestir í tölfraedinni, þó er það ekki alltaf

þannig. En þegar búa á til liðsheimild og lið sem vinnur vel saman og nær árangri á parketinu þarf leiðtoga innan sem utan vallar og leikmenn sem skila sínum hlutverkum sama hver þau eru.

**Þú varst aðstoðarþjálfari hjá Pavel í fyrra, náðir þú í einhverja góða þjálfaravisku úr þeim kappu sem þú getur nýtt áfram í þinni þjálfun?** Já, algjörlega, hlusta vel á aðstoðarþjálfarann.

**Hvernig getum við sem samfélag gert betur í að styðja við stelpurnar okkar, því ekki vantar stuðninginn við m.fl. karla?** Ég kannski veit ekki eitthvað rétt svar við því, en held að það sem gerist með samstilltu átaki félagsins,

með auknum metnaði og stefnu félagsins til framtíðar lyftist þetta allt saman upp. Það er alltaf pláss fyrir fleiri aðila sem eru til í að aðstoða við að bæta umgjörðina og vinna í því sem þarf að vinna við bak við tjöldin.

**Ereitthvað sem þú vilt bæta við?** Ég vil óska stuðningsmönnum félagsins til hamingju með enn eitt metnaðarfulla körfubolta tímabilið sem er komið í gang hjá körfuknattleiksdeildinni. Svona öflugt starf er öfundsvert og alls ekki sjálfgefið og það er stuðningsfólkinu, sjálfboðaliðum og styrktaraðilum að þakka að þetta er hægt. Njótum vel og góða skemmtun í vetur og fram á vor!

**Áfram Tindastóll, alltaf alls staðar!**



**COSMIN  
BLAGOI**

39 ÁRA AÐSTOÐARÞJÁLFAARI

**DANÍEL  
ÞORSTEINSSON**

35 ÁRA STYRKARÞJÁLFAARI

**LEIKMENN**  
KYNNING**1** ANDRIANA  
KASAPI

23 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 175 SM

**4** FANNEY MARÍA  
STEFÁNSDÓTTIR

18 ÁRS FRAMHERJI &gt; 175 SM

**6** KLARA SÓLVEIG  
BJÖRGVINSDÓTTIR

17 ÁRS BAKVÖRDUR &gt; 166 SM

**11** EVA RÚN  
DAGSDÓTTIR

20 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 160 SM

**12** RANNVEIG  
GUÐMUNDS.

18 ÁRA BAKVÖRDUR &gt; 190 SM

**14** KRISTÍN HALLA  
EIRÍKSÓTTIR

30 ÁRA FRAMHERJI &gt; 175 SM





**7** BRYNJA LÍF  
JÚLÍUSDÓTTIR

16 ÁRA FRAMHERJI > 180 SM



**8** INGA SIGRÍÐUR  
JÓHANNESDÓTTIR

19 ÁRA BAKVÖRÐUR > 175 SM



**9** IFUNANYA  
OKORO

24 ÁRA BAKVÖRÐUR > 180 SM



**15** EMMA KATRÍN  
HELGADÓTTIR

15 ÁRA BAKVÖRÐUR > 168 SM



**21** ANÍKA LINDA  
HJÁLMARSD.

26 ÁRA FRAMHERJI > 185 SM



**33** EMESE  
VIDA

30 ÁRA MIDHERJI > 190 SM



**Kjötafurðastöð**

*Lambakjöt frá KS  
engu öðru líkt!*





**EMESE VITA**

MÍÐHERJI M.FL. TINDASTÓLS

stóllinn

35

# Sá sem ekki er spenntur fyrir nýju tímabili á ekki heima á körfubotlaveðlinum

Ein af erlendu leikmönnum kvennaliðs Tindastóls er Emese Vida og er þetta annað tímabilið hennar hér á Króknum. Emese kemur frá litlum bæ sem heitir Cantaver og er í norðurhluta Serbíu. Serbía er mikil körfuboltaþjóð og var Emese sjö ára gömul þegar hún greip fyrst körfubolta. Það leið svo ekki langur tími þar til hún þurfti að taka stóra ákvörðun því hún þurfti að velja á milli þess að spila körfubolta eða fótbolta. Þar sem móðir hennar spilaði sjálf körfubolta var valið ekki erfitt. Stóllinn setti sig í samband við Emese og spurði hana nokkrar spurningar.

**Finnst þér leikstíllinn á Íslandi öðruvísi en þar sem þú hefur spilað áður?** Já, en ég vandist þessum leikstíl fljótt, hann er allt öðruvísi en í öðrum Evrópulöndum. Það er öðruvísi taktur og því miður hefur mér fundist, á þessum tíma sem ég hef dvalið á Íslandi, að það vanti meiri skilning á því að þetta er fimm manna leikur inni á velli. Sum kerfi eru of einstaklingsmiðuð sem er ekki mikið notað í Serbíu. Þar er öll sóknin spiluð til enda þar sem allir hafa hlutverk í kerfinu. En það getur líka haft sína galla eins og allt annað. En eins og við vitum er körfubolti ekki alltaf fullkominn en þá er gott að vera besta útgáfan af sjálfum sér hvar svo sem við erum og gerum.

**Hefur þú spilað með öðrum íslenskum liðum?** Ég spilaði með Snæfelli frá Stykkishólmi fyrstu tvö tímabilin mín hér á Íslandi og svo er ég að spila mitt annað tímabil með Tindastól.

**Af hverju Ísland?** Um, góð spurning. Ég spilaði lengi í Serbíu vegna þess að ég var í námi. Þegar ég kláraði það fór ég að spila í öðrum löndum þar sem körfubolti er á hærra stigi en því miður var tilfinningin mín sú að það var eitthvað sem vantaði eða þá ekki eins og ég bjóst við. Þegar ég kom til Íslands í fyrsta skipti hitti ég fullt af frábæru fólki og það gaf mér góða tilfinningu að kannski gæti þessi fjarlægga eyja yljáð hjartað mitt. Þ.e. ef við höfum fram hjá vindinum sem getur stundum verið erfður.

**Finnst þér gaman að spila á Íslandi?** Já, mér líkar það vel og ég sé sjálfan mig spila hér í framtíðinni og gæti alveg hugsað mér að enda ferilinn minn hér.



**Ertu spennt fyrir nýju tímabili?** Ég held að allir séu mjög spenntir fyrir nýju tímabili. Til að vera heiðarleg, sá sem er það ekki, á ekki heima á vellinum. Það á alltaf að hlakka til nýs tímabils og sjá hvaða nýju tækifæri það hefur í för með sér. Kannski hljóma ég svolítið ströng en það er í eðli mínu og ætti að vera hjá öllum leikmönnum að leggja mikið á sig fyrir tímabilið til að gera það eins farsælt fyrir bæði liðið og allt félagið sem og er hér á Króknum. Hér eru allir að leggja hart að sér til að gera tímabilið eins farsælt og hægt er, njóta þess að spila og gera bæinn stoltan af okkur. Kartaliðið sýndi það í fyrra og ég vona að þeir geri það líka í ár.

**Hvert er markmiðið?** Ég held að markmiðið á þessu tímabili sé að sýna öllum að við erum lið og að við séum bestar! Ég held að það sé ágæt markmið.

**Ertu ánægð með Tindastólsliðið á þessu tímabili og nýju leikmennina?** Ég er mjög ánægð með liðið í ár. Ég þekki orðið fólkið í kringum mig betur og það þekkir mig líka betur. Liðsandinn er góður í liðinu og við erum með marga unga leikmenn sem eru að vinna í því að finna sjálfstraustið og ég trúi því að þær nái því því við stöndum frammi fyrir áhugaverðum vetri. Ég veit að við byrjuðum ekki vel á tímabilinu, en við verðum að brjóta ísinn og ég er viss um að þetta komi allt hjá okkur.

**Líkar þér vel á Sauðárkróki?** Hehe, þetta var mjög fyndið í byrjun þegar ég kom. Þegar ég skrifaði fyrst undir samninginn við Tindastól tók mig langan tíma að læra nafnið á bænum. Nafnið á klúbbnum var hins vegar auðveldara fyrir mig og þegar fólk spurði mig hvar ég byggi, svaraði ég TindaMinda. Allir horfðu undarlega á mig en eftir ár brást fólk mjög vel við. En ég elska þennan stað, í upphafi var ég svolítið efnis, en eins og ég sagði, ef maður leggur sig fram við að kynnast fólkinu í kringum sig betur þá liður manni betur, maður verður að gefa þessu smá tíma. Ég hitti fullt af fólki, bæði á körfuboltavellinum og í vinnunni. Svo sannarlega á Sauðárkrókur stóran sess í hjarta mínu í dag.

**Hvernig er venjulegur dagur hjá þér?** Ég vinn mest á morgnana og geri eina morgunæfingu í liðinni, eftir vinnu hef ég tíma fram að kvöldæfingu þar sem mér finnst mest gaman að nota tímann til að teikna mikið og læra.

**Nú eruð þið komnar með nýjan þjálfara á þessu tímabili. Er hann að koma með eitthvað nýtt inn sem þér líkar við?** Já, við erum með nýjan þjálfara og hann á örugglega eftir að lesa þetta líka, svo ég verð að vanda það sem ég skrifa, smá djók. En mér líkar svo sannarlega vel við hvernig hann vinnur með okkur. Hann er líka nýr í kvenna körfubolta og það sést á starfi



hans að hann er mjög varkár með okkur. En ég er mjög ánægð með að í ár höfum við staðbundinn þjálfara sem skilur íslenska hugarfarið og hefur miklu betri samskipti við liðið. Ég vona að við munum ekki valda honum vonbrigðum og við munum læra mikið af honum. Helgi er bestur!

# K-TAK

# Byggingaverktaki

E  
H  
F



FRANZEFOS  
MINERALS

Tryggðu þér hágæða **Dolomit**  
**Mg-kalk** frá Franzefoss Minerals.

- Bjóðum upp á faglega þjónustu. Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður.
- Kölkun bætir nýtingu áburðar og hámarkar uppskeru.

Skannaðu mig fyrir frekari  
upplýsingar um kölkun



# Verum ekki súr

## Nú er tíminn til að kalka



Skannaðu mig til að skoða  
úrvalið

Mikið úrval af búrekstrarvörum  
á lager á Dýrfinnstöðum.

- Bætiefni og fóður fyrir kindur og hesta.
- Spónarköggjar í bæði 16 kg pokum og 850 kg sekkjum.
- Hágæða búnaður fyrir þig og hestinn frá Equisana.



# Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Sölumaður Skagafirði  
Ingólfur Helgason, Dýrfinnstöðum, S: 897 3228  
hagangur@internet.is  
www.buvorur.is, www.yara.is



# Innsæi skapar tækifæri

Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim. Það gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig. Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkíð okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

Kynntu þér málið á [kpmg.is](https://www.kpmg.is)



## Íþróttakademía

### **FNV** - Fyrir þá sem vilja ná lengra

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra býður upp á fjölbreytt bók- og iðnnám við bestu aðstæður. Íþróttakademían er fyrir þá sem vilja stunda nám og ná lengra í íþróttagrein sinni. Nemendur vinna sér inn námseiningar og fá markvissa þjálfun. Í FNV starfa úrvals kennarar og þjálfarar.



FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA Á SAUÐÁRKRÓKI



# Besta bankaappið

Samkvæmt Maskínu 2023



# Áfram Tindastóll

Við óskum iðkendum í Umf. Tindastóli gæfu og gengis á körfuboltavöllumunum í vetur.

**KS Kaupfélag Skagfirðinga**

Ártorgi 1  
550 Sauðárkrúki  
455 4500

